



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 27. september 2021
2106027/109.09 ABS

Efni: Umsögn um erindi Handknattleiksfélags Kópavogs varðandi uppbyggingu á keppnisvelli við Kórinn.

Á fundi Bæjarráðs Kópavogs 10. júní sl. var lagt fyrir erindi frá Handknattleiksfélagi Kópavogs (HK) þar sem óskað er eftir að skipuð verði nefnd fulltrúa Kópavogsbæjar og HK til umræðu um uppbyggingu á nýjum keppnisvelli og áhorfendastúku fyrir utan Kórinn.

Í erindi HK er vísað til yfirlýsingar, sem undirrituð var af Kópavogsbæ og HK, 13. desember 2013 og varðaði framtíðaraðstöðu félagsins í Kórnum. Frá þeim tíma hefur HK og Kópavogsbær átt gott samstarf um markvissa uppbyggingu í Kórnum, í samræmi við þá þætti sem tilgreindir eru í yfirlýsingunni. Sá þáttur sem út af stendur snýr að þróun keppnisaðstöðu HK, þ.e. byggingu áhorfendastúku við nýjan keppnisvöll í knattspyrnu við Kórinn.

Menntasvið og umhverfissvið taka því undir ósk félagsins um að hafin verði umræða milli félagsins og Kópavogsbæjar um hönnun áhorfendastúku og þróun keppnisaðstöðu. Jafnframt að framkvæmd verði greining á þörfum íþróttafélags og hverfisins með tilliti til íþrótt- og tómstundaiðkunar og skoðaðir rekstrarmöguleikar með tilliti til nýtingar mannvirkisins.

Vegna stórra framkvæmda í sveitarfélaginu er gert ráð fyrir að framkvæmdir við byggingu mannvirkis eins og áhorfendastúku geti ekki hafist fyrr en í fyrsta lagi að þremur árum liðnum, verði tekin ákvörðun um að hefja slíka framkvæmd.

Lagt er til að stofnað verði 4 manna vinnuteymi, skipað tveimur fulltrúum frá umhverfissviði og menntasviði, hvoru fyrir sig, og tveimur fulltrúum frá HK. Starfsmaður umhverfissviðs mun halda utan um vinnuna, undirbúa og stýra fundum vinnuteymis. Á fyrsta fundi verður verkefni og hlutverk teymisins skilgreint nánar.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026